



Fundargerð

Fundur í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps föstudaginn 6. júní 2014 kl. 11.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður, Herdís Matthíasdóttir og Egill Sigurgeirsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er ein blaðsíða.

Formaður bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu

1401013 – Ársreikningur Reykhólahrepps, hafnarsjóður og leiguíbúðir.

Lagðir voru fram ársreikningar Hafnarsjóðs Reykhólahrepps og Leiguíbúða Reykhólahrepps.

Afkoma Hafnarsjóðs er neikvæð um 1,4 millj. kr., tekjur námu 5,8 millj. kr. og eignir sjóðsins námu 27,5 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 20,7 millj. kr., heildarskuldir sjóðsins voru 6,8 millj. kr.

Afkoma Leiguíbúða er neikvæð um 4,4 millj. kr., tekjur námu 2,2 millj. kr., eignir sjóðsins námu 58,9 millj. kr. og heildarskuldir námu 58,8 millj. kr.

Skipulags- og bygginganefnd sem fer með stjórn hafnarinnar leggur til við sveitarstjórn að ársreikningur Hafnarsjóðs verði samþykktur. Samþykkt samhljóða.

Skipulags- og bygginganefnd sem fer með stjórn Leiguíbúða, leggur til við sveitarstjórn að ársreikningur Leiguíbúða verði samþykktur. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

_____	_____
_____	_____
_____	_____